


# Krabbamein í húð, önnur en sortuæxli



Til húðkrabbameina teljast ýmsar gerðir krabbameina, sem eiga upptök sín í húð. Aðallega er um að ræða þrjár gerðir, flöguþekjukrabbamein (*carcinoma squamocellulare*), grunnfrumukrabbamein (*carcinoma basocellulare*) og sortuæxli (*melanoma malignum*). Síðastnefnda gerðin hefur ákveðna sérstöðu og er fjallað

um hana sérstaklega í kaflanum hér á undan. Í þessum kafla verður fjallað um tvö fyrrgreindu meinin, þ.e. flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein. Á árunum 2006-2010 var aldursstaðlað nýgengi flöguþekjukrabbameina hér á landi 14,2 af 100.000 hjá körlum og 10,7 af 100.000 hjá konum. Meðalaldur þeirra sem greinast með flöguþekjukrabbamein í húð á Íslandi er 74 ár. Grunnfrumukrabbamein eru algengust þeirra meina í heiminum, sem hefðbundið er að flokka sem illkynja en eru þó ekki höfð með í útgefnum tölum um nýgengi krabbameina. Það er vegna þess að mörg rök eru gegn því að þau eigi að teljast illkynja, enda fáheyrð að þau leiði til dauða og þau meinvarpast ekki. Húðkrabbamein leggjast einkum á húðsvæði sem verða fyrir miklu sólarljósi. Bændur og sjómenn eru dæmi um starfsstéttir sem eiga frekar á hættu að fá flöguþekju- og grunnfrumukrabbamein í húð en aðrir atvinnuhópar.

Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hjá fullorðnum er yfirborð hennar nær tveir fermetrar. Hlutverk húðarinnar er meðal annars að vernda líkamann fyrir áverkum, útfjólublárrí geislun sólar og efnun sem eru líkamanum framandi, meðal annars bakteríum og veirum. Þar að auki er húðin mikilvæg fyrir hita- og vökvafjafnvægi líkamans og einnig sem útvörður ónæmiskerfisins. Húðin skiptist í þrjú lög: Yfirhúð, leðurhúð og undirhúð (fitu). Öll hafa þau sína eiginleika og sitt hlutverk.

Algengasta gerð húðkrabbameins nefnist grunnfrumukrabbamein. Æxlið myndast í dýpsta lagi yfirhúðarinnar (grunnfrumulaginu) og er algengast allra krabbameina. Þetta eru æxli sem eru lítið illkynja því þau dreifa sér mjög sjaldan

um líkamann, þ.e. mynda mjög sjaldan meinvörp og því á mörkum þess að uppfylla skilgreiningu illkynja æxlis. Þau hafa því hingað til ekki talist með í tölfræði um krabbamein þótt ýmsar krabbameinsskrár safni upplýsingum um þessi mein. Hinn meginflokkur húðkrabbameins sem myndast í yfirhúð er flöguþekjukrabbamein, og fjallar þessi kafla aðallega um það mein og tölur sem hér eru upp gefnar eiga við um þessa gerð húðkrabbameins.


## Orsakir og áhættuþættir

Útfjólublá geislun frá sólinni er talin helsta orsök flöguþekjukrabbameina í húð og því eru þeir sem eru mikið í sólarljósi í aukinni hættu á að fá sjúkdóminn. Æxlin myndast fyrst og fremst á þeim húðsvæðum sem helst verða fyrir sólarljósi, t.d. á höfði, hálsi og höndum. Einnig er jónandi geislun áhættuþáttur. Sjúklingar sem eru á ónæmisbælandi lyfjum, t.d. eftir líffæraígræðslur, eiga einnig frekar en aðrir á hættu að fá flöguþekjukrabbamein og það sama á við um sjúklinga með nýrnabilun. Grunnfrumukrabbamein og flöguþekjukrabbamein í húð geta verið fleiri en eitt við greiningu og þau eru oft víða um líkamann.


## Landfræðilegur munur

Flöguþekjukrabbamein í húð er algengt t.d. í Ástralíu, Bandaríkjunum og meðal hvíttra manna í Suður-Afríku. Sjúkdómurinn er hins vegar mjög sjaldgæfur í Asíu og Afríku, sem fyrst og fremst er talið stafa af því að fólk með dökka húð hefur betri vörn gegn útfjólublárrí geislun frá sólinni. Erfitt er að fá fram nákvæmar nýgengistölur um flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein í húð, þar sem þessi æxli eru ekki nákvæmlega skráð. Grunnfrumuæxlin eru sjaldnast skráð í krabbameinsskrár, eins og áður sagði, og aðferðafræði við skráningu flöguþekjukrabbameins er breytileg. Því er erfitt að bera nýgengi þessara æxla saman milli þjóða. Ljóst er þó að þau eru víða mjög algeng. Í Bandaríkjunum er áætlað að fjöldi grunnfrumuæxla og flöguþekjukrabbameina sé í heild álíka mikill og heildarfjöldi allra annarra greindra illkynja æxla þar í

## Árlegt aldursstaðlað nýgengi



## Árleg aldursstöðluð dánartíðni



landi. Á Norðurlöndunum hefur nýgengið hækkað mikið síðustu áratugi. Það er almennt svipað milli landanna, en íslensku konurnar fóru úr neðsta sæti í hið efsta með mjög brattri aukningu milli 1995 og 2000. Mun minni aukning sést hjá íslensku körlunum sem eru þó komnir upp fyrir finnsku karlana.

### Einkenni

Flöguþekjukrabbamein í húð er algengast í andliti, t.d. á eyrum og neðri vör en einnig t.d. í hársverði hjá þeim sem hafa þunnar hár. Það er líka algengt á handarbökum. Útlitið er nokkuð breytilegt en oft er um að ræða sár sem ekki grær. Sum æxli eru hringlaga, með upphækkuðum brúnum eins og virkismúr umhverfis dæld í miðjunni. Flöguþekjukrabbamein getur þróast frá forstígum, sem kallast actinic keratosis (sem sumir nefna sólarhrúður) og Bowens-sjúkdómur. Bowens-sjúkdómur er flöguþekjukrabbamein bundið við yfirhúð (svonefnt setkrabbamein), hefur ekki enn náð að mynda ífarandi vöxt niður í leðurhúð og er því í raun forstíg krabbameins. Actinic keratosis myndar rauða bletti með flagnandi eða hrjúfu yfirborði, en Bowens-sjúkdómur kemur oftast fram sem einn rauður blettur, sem gjarnan líkist exemi. Flöguþekjukrabbamein getur líka myndast í gömlu öri eða brunasári.

### Greining

Húðlæknar geta oft greint flöguþekjukrabbamein eða forstíg þess með því að skoða húðbreytingar með berum augum eða með sérstöku stækkunargleri. Greiningin er oftast staðfest með því að taka sýni úr meininu sem skoðað er í smásjá af læknum með sérmenntun í meinafræði (meinafræðingum). Æskilegt er fyrir nákvæmni og áreiðanleika greiningar að meinið sé fjarlægt í heild sinni til vefjarannsóknar fremur en að aðeins sé tekið úr því lítið sýni. Þetta getur ráðið úrslitum um hvort unnt sé að greina meinið nákvæmlega. Aðferð við sýnatöku verður þó að vera háð mati læknis, sem fær sjúklinginn til meðferðar hverju sinni, því ýmislegt getur haft áhrif á ákvörðun um hvernig staðið skuli að töku sýnis.

### Meðferð

Flöguþekjukrabbamein og grunnfrumukrabbamein eru yfirleitt meðhöndluð með einfaldri skurðaðgerð, sem oftast

læknar sjúklinginn. Annarri meðferð er oft beitt, svo sem skröpun og rafmagns- eða leysibrennslu, frystingu með fljótandi köfnunarefni og útvortis lyfjameðferð. Gæta þarf þess að meinið sé að fullu fjarlægt, annars er hætta á að það komi aftur.


### Horfur

Horfur eru almennt mjög góðar. Flöguþekjukrabbamein er einungis hættulegt ef það uppgötvast ekki fyrir en það hefur náð að dreifa sér og myndað meinvörp. Sjaldgæft er að sjúklingar deyi af völdum flöguþekjukrabbameins eða grunnfrumukrabbameins í húð.

### Yfirlit (2006-2010)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári	39	34
Hlutfall af öllum meinum	5,3%	5,2%
Meðalaldur við greiningu	75 ár	74 ár
Meðalfjöldi látinna á ári (2005-2009)	1	1
Fjöldi á lífi í árslok 2010	288	301

### Aldursbundið nýgengi 2006-2010



### Fimm ára hlutfallsleg lifun

